

Frá vísinda- og nýsköpunarsviði:

English below



HÁSKÓLI ÍSLANDS

## Umsóknarfrestur í Rannsóknasjóð Háskóla Íslands

Umsóknarfrestur fyrir Rannsóknasjóð háskólans er til **10. október 2018**.

Hlutverk sjóðsins er að efla rannsóknastarfsemi Háskóla Íslands og geta fastir kennarar og sérfræðingar við háskólann sótt um fé úr sjóðnum til greiðslu kostnaðar við rannsóknir. Við mat á umsóknum er fyrst og fremst farið eftir vísindagildi verkefna og rannsóknavirkni umsækjenda, sbr. 75. grein reglna fyrir Háskóla Íslands.

**Vegna takmarkaðra fjármuna sjóðsins er aðeins unnt að styrkja eina umsókn frá hverjum umsækjanda.** Styrkþegum er bent á að skila þarf lokaskýrslum vegna fyrri styrkveitinga eigi síðar en samhliða nýrri umsókn.

Vakin er athygli á að hægt er að sækja um styrk til allt að þriggja ára í senn, sjá nánar í „Viðmið við úthlutun“: [http://sjodir.hi.is/rannsoknasjodur\\_haskola\\_islands](http://sjodir.hi.is/rannsoknasjodur_haskola_islands)  
Styrkþegar skila lokaskýrslu í lok styrktímabilsins en ekki er lengur krafist árlegrar framvinduskýrslu. Jafnframt er miðað við að styrkþegar sem fá 2-3 ára styrki sækji ekki um nýtt verkefni fyrr en í lok styrktímabilsins.

Ekki er nauðsynlegt að skila inn ritaskrá enda er mat á birtingum byggt á framtali starfa (miðað er við árin 2013-2017). Sérstaklega verður tekið tillit til birtinga á ritrýndum vettvangi sem gerir strangar fræðilegar kröfur.

Bent er á að umsóknarferlið hefur verið einfaldað, vinsamlegast fylgið leiðbeiningum. Ófullnægjandi umsóknir hljóta ekki afgreiðslu.

Umsóknum ber að skila rafrænt á sérstöku eyðublaði. Sjá:  
[http://sjodir.hi.is/rannsoknasjodur\\_haskola\\_islands\\_umsoknareydublad](http://sjodir.hi.is/rannsoknasjodur_haskola_islands_umsoknareydublad)

Reglur sjóðsins og aðrar upplýsingar um sjóðinn er að finna á heimasíðu hans:  
[http://www.sjodir.hi.is/rannsoknasjodur\\_haskola\\_islands](http://www.sjodir.hi.is/rannsoknasjodur_haskola_islands) Frekari upplýsingar eru veittar á skrifstofu Vísinda- og nýsköpunarsviðs í Aðalbyggingu, sími: 525 4902, ([svavarst@hi.is](mailto:svavarst@hi.is)).



UNIVERSITY OF ICELAND

## University of Iceland Research Fund Grants

The deadline for application is **October 10<sup>th</sup> 2018**. The aim of the fund is to strengthen research activity at the University of Iceland by providing financial support for research projects. All members of the teaching and research staff are entitled to apply (i.e. professors, associate professors, assistant professors, research scientists, research scholars and research specialists). Evaluation of the applications will be based primarily on the scientific value of the proposed research and the recent publication record of the applicant (in accordance with § 75 of the rules for The University of Iceland).

**Financial restrictions allow only one grant to be awarded to each applicant.** A new grant application must be accompanied by a final report for any previous grant from the University of Iceland Research Fund.

Please note that it is possible to apply for a grant for up to three years, see “Criteria for the allocation of grants” at [http://sjodir.hi.is/rannsoknasjodur\\_haskola\\_islands](http://sjodir.hi.is/rannsoknasjodur_haskola_islands) for details. Successful applicants are asked to submit a final report at the end of the grant period but annual progress reports are no longer required. At the same time, recipients of multi-year grants are expected to refrain from submitting new applications until towards the end of the grant period.

It is not necessary to include a list of publications as the applicants’ publication record is assessed based on annual reports (from 2013-2017). Special emphasis is placed on publications meeting strict academic standards such as those listed in the ISI and ERIH databases.

Please follow all instructions. Incomplete applications will not be processed.

Applications are submitted electronically. The application form is available at: [http://sjodir.hi.is/rannsoknasjodur\\_haskola\\_islands\\_umsoknareydublad](http://sjodir.hi.is/rannsoknasjodur_haskola_islands_umsoknareydublad)

The rules of the fund and other useful information can be found at: <http://sjodir.hi.is/node/16131>. For further information, please contact the Division of Science and Innovation, Aðalbygging, [svavarst@hi.is](mailto:svavarst@hi.is), tel. 525 4902.